

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 19. mars í máli nr. S-325/2008:

Ákærvaldið

(Karl Ingi Vilbergsson fulltrúi)

gegn

Markúsi Óskarssyni

(Guðmundur B. Ólafsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 29. febrúar sl., gegn Markúsi Óskarssyni, Garðhúsum 31, Reykjavík, fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 24. mars 2007, á Skólavörðustíg í Reykjavík, móts við SPRON, ráðist á Svein Dal Sigmarsson, þannig að hann féll í götuna og slegið hann hnefahöggum í andlitið, með þeim afleiðingum að hann hlaut yfirborðsáverka yfir hægri augabrún, kúlu aftan á höfði og rifbeinsbrot.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. II. gr. lagar. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar er lög leyfa og hæfilegrar þóknunar sér til handa.

Farið var með mál þetta samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991 og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu er sækjanda og verjanda ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Ákærði hefur skýlaust játað brot sín. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og

eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Af hálfu ákærða hefur verið á því byggt að brot ákærða eigi að fella undir 217. gr. en ekki 218. gr. almennra hegningarlaga vegna óljósrar og ónógrar umfjöllunar í áverkavottorði brotþola um að hann hafi hlotið rifbeinsbrot umrætt sinn. Verður ekki á þetta fallist enda kemur nægilega skýrlega fram, bæði í kafla vottorðsins sem ber yfirskriftina „Greining“ og eins í kaflanum sem ber yfirskriftina „Álit“, að brotþoli hafi hlotið rifbeinsbrot í greint sinn.

Samkvæmt fyrirliggjandi sakavottorði gekkst ákærði, með lögreglustjórásátt 12. maí 2006, undir að greiða 90.000 króna sekt og að verða sviptur ökurétti í 10 mánuði vegna ölvunaraksturs og akstur án ökuskírteinis. Með viðurlagaákvörðun 14. mars 2007 gekkst hann undir að greiða 300.000 króna sekt og að verða sviptur ökurétti í 2 ár vegna ölvunar- og sviptingarasturs og fleiri umferðarlagabrota. Loks var hann, með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 29. maí 2007, dæmdur til að sæta fangelsi í 2 mánuði, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga. Brot það sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir var framið áður en framangreindur dómur var kveðinn upp. Verður því skilorð samkvæmt honum tekið upp og ákærða ákvörðuð refsing í einu lagi fyrir þau brot sem þar var fjallað um og það sem hér er til meðferðar samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 77. gr. og 78. gr. sömu laga.

Við ákvörðun refsingar verður að virða ákærða það til refsilækkunar að hann hefur játað brot sitt greiðlega. Til refsilyngingar horfir hins vegar að árás hans sýnist hafa verið án sýnilegs tilefnis. Með hliðsjón af öllu framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að 3 árum liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 53.784 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti í þóknun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar B. Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, og útlagðan sakarkostnað 25.700 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Markús Óskarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að 3 árum liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 53.784 krónur að meðöldum virðisaukaskatti í þóknun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar B. Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, og útlagðan sakarkostnað 25.700 krónur.

Ásgeir Magnússon